

Bólusetningar og upplýsingaóreiða

Þegar Landlæknisembættið verður rökprota í umræðu um bólusetningarnar, sem það mælir eindregið með og hvetur fólk til að þiggja, bregða fulltrúar þess gjarnan undir sig betri umræðufætinum og segja niðurstöður óháðra vísindamanna lýsa upplýsingaóreiðu. Það gera yfirvöld iðulega, þegar þannig stendur í bólið hjá þeim.

Einu sinni sagði fyrrverandi sóttvarnalæknir, Þórólfur Guðnason, Sjúkdómavarnastofnun Bandaríkjanna (Centers for Disease Control) „ábyrga“ stofnun. Því liggur beint við að álykta, að nýr sóttvarnalæknir, Guðrún, og yfirmaður hennar, Alma, telji einnig, að tölur þaðan lýsi „ábyrgð.“

Fjölmiðillinn, Exposé, fjallar einmitt um leynilega skýrslu frá fyrrgreindri stofnun í Bandaríkjunum og Hagstofu Bretlands (Government's Office for National Statistics). Ég leyfi mér að trúa því, að stofnunin sú hljóti líka náð fyrir augum Landlæknisembættisins og ríkisstjórnar Íslands.

Þrátt fyrir alla tilburði til að falska andlátsorsakir og skýrslugjöf um covid-19 faraldurinn, virðast tölur hvorra tveggju stofnananna benda til sömu tilhneinginga og óháðir óreiðuvísindamenn hafa áður kynnt víða um heim. Bóluefnin valda mörgum heilsutjóni, sumum aldurtila. Hryggðarsögurnar eru mýmargar.

Í hnotskurn: Frá því að Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (Food and Drug Administration) gaf út neyðarleyfi til bólusetninga gegn covid-19 hafa 608.590 börn og ungmenni látist. Þetta er veruleg aukning umframdauðsfalla miðað við 2020.

Í Bretlandi er svipaða sögu að segja. Séu börn bólusett við covid-19 aukast líkur á andláti vegna hvers konar sjúkdóma um 4.423% eða 45-falt. Líkur á að börn látist af veirunni aukast 137-falt eða 13.633%.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar liggi fyrir, mæla alríkisyfirvöld Bandaríkjanna og Bretlands enn með bólusetningum.

Íslenska ríkisstjórnin fetar í slóð hinnar bresku og bandarísku. Hún er ábyrg fyrir Landlæknisembættinu og Ríkislögreglustjóra, sem mynduðu hið fræga fálkaorðupríeyki.

Þau eru t.d. ábyrg fyrir grímunotkun, sem valdið hefur alvarlegum skaða, svo og félagslegum ráðstöfunum öðrum, sem bakað hafa fólki tjón.

Hvað gæti vakað fyrir yfirvöldum? Eru þau holl þegnunum?

<https://www.hartgroup.org/never-in-my-wildest-dreams/>

<https://expose-news.com/2023/06/24/information-and-biological-war-continues/>

<https://frettin.is/2023/06/23/thegar-malstadirinn-er-slaemur-tha-fordast-thu-rokraedur/>

https://steigan.no/2023/06/basketballspiller-oscar-cabrera-dode-av-hjerteinfarktsa-det-var-vaksinens-skyld/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://frettin.is/2023/06/14/greinin-sem-enginn-vildi-birta-varudarord-til-islensku-thjodarinnar-um-covid-sprautur/>

https://markcrispinmiller.substack.com/p/nbc-news-anne-thompson-has-breast?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.globalresearch.ca/adverse-effects-face-masks-confirmed/5823374?doing_wp_cron=1687685205.8251059055328369140625

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC10257095/>

<https://expose-news.com/2023/06/25/japan-experiences-super-excess-mortality/>

<https://frettin.is/2023/05/19/fyrrum-frettakona-cbc-segir-bladamennsku-hafa-hrunid-i-covid-vid-fluttum-arodur/>

http://support.childrenshealthdefense.org/site/MessageViewer?dlv_id=8321&em_id=6061.0

<https://www.hartgroup.org/lie-sandwich/>

<https://www.hartgroup.org/make-worse/>

<https://expose-news.com/2023/06/25/6-million-children-dead-usa-covid-vaccine/>